

Að undirbúa fasteign fyrir sölu

Gátlisti fyrir seljendur

Að eyða smá tíma í að undirbúa eignina þína fyrir sölu, getur skipt sköpum hversu langan tíma það tekur að selja eignina.

Utanhúss

- Eru garðurinn og innkeyrslan snyrtileg?
Eru útidyráhgögn hrein og í góðu ástandi séu þau til staðar.
- Þarf að þrifa eða mála útidyráhurðina – mundu að fyrsta sýn, lifir lengst!
- Eru bílastæðin og aðgangurinn að húsinu laus við óþarfa dót?

Ytra umhverfi

- Eru húsnúmer og útidyrálgjós í góðu ástandi?
- Er málningin farin að flagna?
- Þarf að lagfæra tréverk, vatnsrennur eða girðingar?
- Eru blettir á húsinu eða óhreinar rúður?

Bílskúr

- Eru hillur fullar af óþarfa dóti, núna er tækifæri til að taka til í þeim.
- Þarf að þrifa gólfið?

Herbergi

- Þarf að mála?
- Þarf að þrifa gluggatjöld eða teppi?
- Eru ónýtar ljósaperur?
- Er of mikið dót í herbergjum, eru gólfin göngufær, er dót fyrir framan skápa og hurðir?

Eldhús

- Glansa vaskar, tæki, borð og gólf?
- Er eitthvað óþarfa dót í eldhúsinu?
- Þarf að hreinsa ofninn, örbylgjuofninn eða önnur tæki?
- Þarf að þrifa flísar eða fúga, gott getur verið að skipta um ef nauðsyn krefur.

Baðherbergi

- Þarf að þrifa spegla, gler, króm eða postulínsyfirborð.
- Þarf að skipta um sturtuhengi?
- Lekur kraninn?
- Þarf að þrifa flísar eða fúga, gott getur verið að skipta um ef nauðsyn krefur.

Skápar

- Opnast og lokast hurðir og skúffur auðveldlega?
- Er eitthvað óþarfa dót í skúffum og hillum?
- Er skóm og fötum raðað snyrtilega í skápum?

Almennt

- Gott er að skoða í kringum húsið. Tekur aðeins smá stund að kanna allar dyr, glugga og skápa til að sannreyna að þeir standi ekki á sér, ýskri eða séu of lausir.